



## LANDSSAMBAND LÖGREGLUMANNA

Alþingi  
Erindi nr. P 125/897  
komudagur 125/897<sup>0</sup>

Reykjavík 3. mars 2000.

Nefndasvið Alþingis  
Þórshamri v/Tempirasund

150 Reykjavík

### Varðar: Mál nr. 237, viðbótarupplýsingar.

Um leið og ég þakka fyrir fund okkar með Allsherjarnefnd þriðjudaginn 29. febrúar sl., leyfi ég mér hér með að koma á framfæri viðbótarupplýsingum um hæfniskröfur og menntun “landamærarvarða” á Norðurlöndum.

### Danmörk:

Vegabréfaeftirlit og landamærarvarsla er lögregluverkefni í Danmörku eins og mörg undangengin ár. Engu að síður hefur umræða átt sér stað um breytingu á þessu, þ.e. að lögreglan réði sérstaka aðila til vegabréfaeftirlits. Er þá einkum horft til Noregs og hvernig mál hafa þróast þar í landi. Danskir lögreglumenn búast við að slíkir aðilar verði komnir til starfa þar í landi fyrir gildistöku Shengen-samkomulagsins og þá á alþjóðaflugvöllum á Kastrup og í Billund.

### Noregur:

Við opnun Gardermoen-flugvallar varð mikil breyting á aðkomu farþega til Osló sem kallaði á aukin fjölda fólks við vegabréfaskoðun. Var þá ákveðið að lögreglan réði sérstaka aðila til vegabréfaeftirlits en u.þ.b. 30 slíkir starfa nú á Gardermoen. Þeir eru ekki til staðar á fleiri stöðum í landinu.

Norðmenn gera þær kröfur til umsækjenda að þeir séu með hreina sakaskrá og byggi á góðri almennri menntun og hafi sem fjölbreytilegasta tungumálakunnáttu. Við ráðningu var frekar leitað eftir fólki á miðjum aldri en yngra fólki. Komið var á fót sérstöku námskeiði þar sem fólkið las m.a. útlendingalöggjöf o.fl. henni tengt, kynnti sér mismunandi gerðir vegabréfa, öryggismerki þeirra og þekktar leiðir til fölsunar. Þá var fólkið þjálfað í meðferð þeirra tækja sem tiltæk eru til greiningar á fölsuðum vegabréfum.

“Landamærarverðirnir” starfa með og undir stjórn lögreglunnar. Ávallt er lögreglumaður til staðar á hverju vegabréfaskoðunarsvæði og fara öll vafa- og úrskurðarmál um hans hendur. Álagstímum í flugumferð er mætt með því að bæta við lögreglumönnum til að létta á álaginu. “Landamærarverðirnir klæðast einkennisfötum sem eru í sama lit og einkennisföt lögreglu en með öðrum merkingum, þ.e.a.s. “passkontrol”. Þeir hafa engin önnur lögregluverkefni með höndum.

## LANDSSAMBAND LÖGREGLUMANNA

---

### Svíþjóð:

Svíar hafa tekið upp sama kerfi og Norðmenn og er ekki merkjanlegur munur á framkvæmd þar í landi. Eins og í Noregi klæðast “landamæraverðir” einkennisfötum af sama lit og einkennisfatnaður lögreglu en með öðrum merkingum, þ.e. “passkontrol”. Þeir eru aðeins við störf á stærstu alþjóðaflugvöllum.


### Finnland:

Finnar standa að vegabréfaskoðun á annan hátt en hin Norðurlöndin. Lengi framan af var vegabréfaskoðun lögregluverkefni en því var breytt fyrir u.þ.b. ári síðan og verkefnið fært yfir til hersins.

Finnar héldu lengi uppi öflugri landamæravörslu við jaðar grannans í austri en síðustu ár hefur dregið verulega úr þeirri spennu sem þar ríkti áður. Við það losnaði um mikinn mannafla sem áður hafði landamæravörslu að aðalstarfi hjá hernum og þótti því hagfellt að fá það fólk til starfa inn á flugvelli og ferjustaði til vegabréfaskoðunnar.

Framangreindar upplýsingar eru fengnar hjá formönnum lögreglusamtaka Norrænna þjóða en þeir áttu fund í Stokkhólmi fimmtudaginn 2. mars. sl.

Virðingarfyllst,



Jónas Magnússon  
formaður.